

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Akureyri, 12. júlí 2024
UST202406-219/B.J.
11.08

Veiðistjórnunartillögur fyrir rjúpu 2024

Tillögur þessar eru lagðar fram að undangengnu ítarlegu og faglegu samráðsferli við alla lögbundna hagsmunaaðila og á grunni draga nýrrar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir rjúpnastofninn sem nú hafa verið send ráðuneytinu og birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Tillögurnar eru skref í umbyltingu veiðistjórnunarkerfis fyrir rjúpnastofninn og byggja þær á aðferðarfræði nýrra stofnlíkana og svæðisbundinni veiðistjórnun.

Með bréfi þessu leggur Umhverfisstofnun til að rjúpnaveiðar ársins 2024 verði með eftirfarandi hætti:

Tímabilið hefjist föstudaginn 25. október. Veiðar verði frá og með föstudögum til og með þriðjudögum.

Veiðidagar eru heilir og skiptast þannig niður eftir landshlutum:

Austurland:	45* (25. okt - 22. des)
Norðausturland:	20 (25. okt - 19. nóv)
Norðvesturland:	20 (25. okt - 19. nóv)
Suðurland:	20 (25. okt - 19. nóv)
Vesturland:	20 (25. okt - 19. nóv)
Vestfirðir:	25 (25. okt - 26. nóv)

Umhverfisstofnun biðlar sérstaklega til veiðimanna að sýna hófsemi við veiðar. Mikilvægt er að allir hagsmunaaðilar komi að því hvatningarátaki.

* Rauntala 43 dagar- sjá kaflann *Fastir stjórnþættir til framtíðar* á bls. 5.


Umhverfisstofnun vísar til 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Segir þar að ráðherra geti með reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, aflétt friðun nokkurra fuglategunda, þ.á.m. rjúpu. Þar segir jafnframt að heimilt sé að takmarka veiðar við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem tilgreindar eru í 1. mgr.

Árið 2023 var gefin út reglugerð nr. 1062/2022, um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum. Í 1. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar var tilgreint með hvaða hætti rjúpnaveiðar skyldu fara fram árið 2023. Þar sem reglugerðarbreytingin náði einungis til ársins 2023 er því nauðsynlegt að birta nýja reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 456/1994.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að með breytingareglugerðinni frá því í fyrra var kveðið sérstaklega á um að rjúpnaveiðar væru ávallt óheimilar á friðuðu svæði sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 456/1994, með síðari breytingum.

Mat á rjúpnastofninum og veiðistjórnun 2024

Við mat á stærð rjúpnastofnsins hafa orðið ákveðnar breytingar frá fyrrri árum. Ný samþætt stofnlíkön (e. Integrated Population Models, IPMs) byggja nú að mestu á talningum úr vegsniðum að vori en ákveðnar vísbendingar eru um að stofnstærð hafi áður verið ofmetin með fyrrri talningaraðferð, reitatalningum. Niðurstöðum úr nýjum líkönum ber saman við niðurstöður úr margliða líkani Erlu Sturludóttur¹ og innihalda mun þrengra öryggisbil en aðferðafræði liðinna áratuga. Samkvæmt útreikningum úr IPM líkönum fyrir árin 2005-2024 hefur varpstofn rjúpu að vori fyrir allt landið að meðaltali verið 84.600 fuglar. Varpstofn ársins 2024 var hins vegar metinn 120.600 fuglar, eða tæplega 43% yfir meðaltali tímabilsins 2005-2024.



Mynd 1. Stofnstærð rjúpu að vori á Y-ás og ártöl á X-ás.

¹ Erla Sturludóttir, 2021. Stofnmat fyrir íslenska rjúpnastofninn_Rit lðhÍ nr. 141

Í fréttatilkynningu Náttúrufræðistofnunar frá 29. maí 2024 um rjúpnatalningar vorið 2024 er talað um að nokkrar breytingar hafi orðið á fjölda rjúpna samanborið við árið 2023. Þar er tekið fram að á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi sé almenna reglan fækkun á milli ára en að miðað við síðustu 20 ár sé stofninn yfir meðallagi að stærð í þessum landshlutum. Á Norðausturlandi og Austurlandi hafi rjúpum fjölgað en það sé þó ekki einhlítt og á nokkrum talningasvæðum hafi verið fækkun. Miðað við stofnvísitölur er rjúpnastofninn í þessum tveimur landshlutum um eða yfir meðaltali að stærð.

Stofnmat á rjúpu árið 2024 byggir á nýjustu niðurstöðum nýrra samþættra stofnlíkana (IPM) og er unnið af Fred Johnson fyrir hönd Náttúrufræðistofnunar (Fylgiskjal I)². Í stofnmatinu má einnig finna áætlaðan fjölda veiðidaga fyrir árið 2024 (veiðiráðgjöf). Líkönin byggja m.a. á talningum rjúpna að vori, viðkomu fyrri ára, aldursamsetningu úr afla og gögnum um fjölda veiddra rjúpna og sóknardaga.

Meginniðurstöður stofnmats 2024 benda til þess að í heildina sé rjúpnastofninn í ár nokkuð stærri samanborið við árið 2023, að frátöldu Suður- og Vesturlandi, þar sem var örlítill fækkun. Viðkoma rjúpu árið 2023 var um eða undir meðaltali í öllum landshlutum. Sóknardagar og veiðiálag hafa verið að dragast saman á síðustu árum og voru langt undir meðaltali árána 2005-2023 á síðasta ári. Lítið veiðiálag árið 2023 er að öllum líkindum hluti af skýringunni hvers vegna rjúpnastofninn minnkaði ekki á milli ára þrátt fyrir að viðkoma væri um eða undir meðallagi.


Með tilliti til veiðistjórnunarmarkmiðs sem unnið er eftir og miðar að því að hafa jafnvægi milli veiða og fjölda rjúpna (stjórnunar- og verndaráætlun fyrir rjúpu) eru veiðitímabil í mismunandi landshlutum sem hér segir: Austurland - 45 dagar; Norðausturland - 20 dagar; Norðvesturland - 20 dagar; Suðurland - 20 dagar; Vesturland - 20 dagar og Vestfirðir - 25 dagar. Tekið er fram að ákvörðun um ákjósanlegasta veiðitíma fyrir hvert landsvæði er „aðlögunarhæf“ (adaptive) í þeim skilningi að hún tekur mið af reynslunni og mun þróast með tímanum út frá þeim gögnum sem safnast.

Tafla 1. Yfirlit yfir stofnstærð í þúsundum fugla, veiðiálag og ráðlagðan dagafjölda skv. svæðisbundinni nálgun.

Landshluti	Meðaltofnstærð 2005-24 (þús)	Vorstofn 2024 (þús)	Yfir meðalst (%)	Veiðiálag % 2023	Veiðiálag % (2005-2024)	Veiðidagar 2024
Austurland	17,8	30,5	71	0.13	0.25	45
Norðausturland	33,2	42,8	29	0.06	0.12	20
Norðvesturland	11,5	18,5	61	0.16	0.28	20
Suðurland	6,9	10,5	52	0.19	0.30	20
Vesturland	10,8	11,2	3,7	0.19	0.29	20
Vestfirðir	4,4	7,1	61	0.19	0.34	25

² Johnson, A, Fred, 2024, Ptarmigan Stock Assessment for 2024 [Report]. Náttúrufræðistofnun

Í töflu 1 má sjá svæðisbundna útreikninga á ráðlögum veiðidögum innan hvers svæðis fyrir sig árið 2024. Skilyrðin sem líkönin vinna eftir er að veiðiálag á komandi tímabili muni ekki ýta stofnstærð undir lágmarksstofnstærð frá árinu 2005 (veiðistjórnunarmarkmið).



Mynd 2. Skipting veiðisvæða eftir landshlutum.

Veiðisvæði og takmarkanir

Nýtt landshlutabundið veiðistjórnunarkerfi er umbylting í veiðistjórnun rjúpu sem mun til lengri tíma hafa jákvæð áhrif fyrir rjúpnastofninn og alla hagaðila. Öllum breytingum fylgja þó einhverjar áskoranir og er veiðmönnum bent á að það er á þeirra ábyrgð að kynna sér mörk veiðisvæða (Mynd 2). Mörk veiðisvæða er hægt að kynna sér á [kortasjá Umhverfisstofnunar](#) auk þess sem stofnunin vinnur að leiðbeiningum um hvernig best sé að fylgjast með mörkum veiðisvæða í snjall- og GPS tækjum.

Veiðimönnum er bent á að veiðar eru yfirleitt óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs, sbr. auglýsingar þar að lútandi. Það er á ábyrgð veiðimanna að kanna ávallt friðlýsingarskilmála og legu friðlanda áður en veitt er í nágrenni við þau.

Eins og síðustu ár þá verða rjúpnaveiðar ekki heimilar á Reykjanesi (Landnám Ingólfs) árið 2024. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur farið þess á leit við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun að hefja vinnu við að leggja mat á áhrif þess að afnema friðun á því svæði. Kanna þarf hugsanleg áhrif í tengslum við stofnvistfræði rjúpunnar og veiðistjórnun, en einnig þarf að hafa samráð við sveitarfélög og landeigendur í ljósi breyttrar landnýtingar frá því sem áður var.

Fastir stjórnþættir til framtíðar

Nauðsynlegt er að hafa sem fæsta breytilega þætti í veiðistjórnun á milli ára svo hægt sé að sjá skýrar samband milli fjölda veiðidaga og veiðiálags. Vinnuhópurinn sem vann að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir rjúpnastofninn kom sér saman um að eftirfarandi stjórnþættir skyldu vera fastir til lengri tíma og ekki til árlegrar ákvörðunar:

- Veiði verður 5 daga vikunnar, föstudag - þriðjudag.
- Veiðidagar eru heilir
- Veiðitímabil hlaupa á fimm daga bilum (e. day increment). Með því er átt við að veiðitímabil geti verið 0, 5, 10, 15, 20 dagar o.s.frv.
- Veiðitímabil skal byrja fyrsta föstudag á eða eftir 20. október. Þessi dagsetning gefur nægt rými fyrir lengri veiðitímabil, þegar þörf er á.

Þessi niðurstaða er til þess fallin að draga verulega úr óvissuþáttum sem var leiðarljós í allri vinnunni.

Þegar ákvörðun var tekin á vinnustofunni að byrja aldrei veiðitímabil fyrr en fyrsta föstudag á eða eftir 20. október var það gert með tilliti til þess að hægt væri að koma inn 45 veiðidögum auk tveggja hvíldardaga í viku fram að 22. desember (lokadagur rjúpnaveiða skv. lögnum). Þegar tímabilið var sett upp í ár kemur hinsvegar í ljós að einungis 43 veiðidagar rúmast innan tímarammans þrátt fyrir að líkanið leggi til að í lagi sé að veiða 45 daga (Austurland). Mikilvægt er að ræða þetta frekar innan vinnuhópsins og finna lausn á því hvernig skuli bregðast við þessu til framtíðar. Tekið er fram að út frá núverandi gögnum mun þetta einungis hafa áhrif á Austurland í þeim árum sem stofn er mjög sterkur en ekki fyrirsjáanlegt að þetta muni gerast í öðrum landshlutum.

Umhverfisstofnun leggur því til að árið 2024 verði veiðidagar á Austurlandi 43 í stað 45 og hefjist föstudaginn 25. október og ljúki sunnudaginn 22. desember. Stofnunin bendir á að þrátt fyrir það er um mikla aukningu veiðidaga að ræða í samanburði við síðustu ár.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Bjarni Jónasson
teymisstjóri